

## AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli  
á frystum hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið  
frá 1. janúar n. k. til 31. ágúst 1985.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystum hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar n. k. til 31. ágúst 1985:

Laus- og blokkfrystur hörpudiskur	U.S. \$ pr. lb. cif.
Færri en 60 st. í lb. ....	3,40
Fleiri en 60 st. í lb. og óflokkað .....	3,15
Hálfhreinsaður .....	1,55
Rauður og brotinn .....	1,90
Verðbil verður 5%.	

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádragnum verðbili.

Verðin miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Verðgrundvöllur þessi verður því aðeins tekinn upp á tímabilinu, að hráfnisverði verði sagt upp og því breytt.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 28. desember 1984.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Kristín Magnússon.*

## SAMÞYKKT

um hundahald á Grenivík frá Grenivíkurhólum að Grenjá.

1. gr.

1. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Hundahald er bannað á Grenivík nánar tiltekið frá Grenivíkurhólum að Grenjá.

2. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Grýtubakkahrepps staðfestist hér með skv. lögum nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og 22. gr. laga nr. 50/1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. desember 1984.*

F. h. r.

**Jón Ingimarsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*